

Í DAG

Í KVÖLD

Í DAG

Í KVÖLD

Í DAG



Og Cicero fer að leggja lag sitt við tigna konu, sem hann þjónaði áður fyrr. James Mason og Danielle Darrieux í hlutverkum sínum í myndinni „Five Fingers“.

Sjónvarpið í kvöld kl. 21.30:

Og yfirvöldin fer að gruna, að ekki sé allt með felldu!

Laugardagsmynd sjónvarpsins á að gerast í heimsstyrjöldinni síðari. Segir hún frá Cicero, einkapjóni brezka sendiherrans í Tyrklandi og er hann í miklu uppáhaldi hjá húsbónda sínum.

Þjónninn kemst yfir leyniskjöl bandamanna og selur þau þýzkum sendimanni. Einnig rifjar hann upp kunningsskap sinn við tigna konu, sem hann þjónaði áður fyrr. Brátt tekur brezka valdhafa að gruna, að ekki sé allt með felldu í sendiráðinu í Ankara, og senda gagnnjósnara á vettvang.

James Mason, sem fer með aðalhlutverkið í þessari tvítugu bíómynd, var fæddur í Yorkshir árið 1909. Hann hóf nám í arkitektúr árið 1931, en fór einnig að þreifa fyrir sér á leiklistarsviðinu það sama ár — og það var ekki að sökum að spyrja, hann var áður en langt um leið

eftirsóttur leikari, og 1935 bauðst honum fyrsta kvikmyndahlutverkið. Er það víst ekki ofmælt að segja, að James Mason hafi verið einhver vinsælasti leikari fjórða áratugarins í Engl. Það, sem kvenfólki þótti svo hrifandi við leikarann, var hans dökka yfirbragð, leiftrandi augnaráð og áhrifamikil röddin. Hann lék líka einna helzt hlutverk athafnasamra glæpamanna og þá gjarnan vanheilla á geðsmunum.

Margir vilja telja túlkun hans á Brútusi í „Júlusi Cæsar“ einn allra mesta sigur hans. James Mason skrifaði jafnframt fjölmörg kvikmyndahandrit, og árið 1956 fór hann einnig að fást við að stjórna upptöku þeirra mynda, sem hann lék í.

Í mynd sjónvarpsins, „Njósnarinn Cicero“, fara þau Danielle Darrieux og Michael Rennie jafnframt með stór hlutverk.

— PJM.

ÚTVARP

Laugardagur
22. september 1973

7.00 Morgunútvarp.
Veðurfregin kl. 7.00, 8.15 og 10.10. Fréttir kl. 7.30, 8.15 (úr forustugr. dagbl.), 9.00 og 10.00. Morgunbæn kl. 7.45. Morgunleikfimi kl. 7.50. Morgunstund barnanna kl. 8.45. Sigurður Gunnarsson heldur áfram að lesa „Söguna af Tóta“ eftir Berit Brønne (10). Tilkynningar kl. 10.25. Morgunkaffið kl. 10.50: Þorsteinn Hannesson og gestir hans ræða um útvarpsdagskrána.

12.00 Dagskráin. Tónleikar. Tilkynningar.

12.25 Fréttir og veðurfregin. Tilkynningar.

13.00 Óskalög sjúklinga. Kristín Sveinbjörnsdóttir kynnir.

14.30 A Íþróttavellinum. Jón Asgeirsson segir frá.

15.00 Vikan sem var. Umsjónarmaður: Páll Heiðar Jónsson.

16.00 Fréttir.

16.15 Veðurfregin. Tíu á toppnum. Örn Petersen sér um dægurlagabátt.

17.20 í umferðinni. Þáttur í umsjá Jóns B. Gunnlaugssonar.

18.00 Tónleikar. Tilkynningar. 18.45 Veðurfregin. Dagskrá kvöldsins.

19.00 Fréttir. Tilkynningar. 19.20 Á haustsýningu. Talað við listmálara.

19.35 Rússneskt kvöld. a. Arni Bergmann blaðamaður spjallar um land og þjóð. b. Rússland í söng. c. „Planka“, smásaga eftir Vil Lipatoff í þýðingu Arna Bergmanns.

21.05 Hljómplöturabb. Guðmundur Jónsson bregður plötum á fóninn.

22.00 Fréttir. 22.15 Veðurfregin. Eyjapístill.

22.35 Danslög.

23.55 Fréttir í stuttu máli.

Dagskrárlok.

SJÓNVARP

18.00 Enska knattspyrnan
18.50 Hlé
20.00 Fréttir
20.20 Veður og auglýsingar
20.25 Söngelska fjölskyldan Bandarískur gamanmynda-flokkur. Þýðandi Guðrún Jörundsóttir.
20.50 Stíflan Bandarísk fræðslumynd um áhrif stíflugerðar á umhverfið. Greint er frá framkvæmdum við stífluna miklu við Viktoríufossa í Afríku og breytingum þeim, sem urðu á lifinu ofan stíflunnar, þegar þar myndaðist stöðuvatn. Einnig er gerður saman-

burður á stíflugerð manna og uppistöðum, sem bjórar byggja við bústaði sína. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.

21.20 Akio Sasaki Japanskur orgelleikari leikur þrjú vinsæl lög á rafmagnsorgel í sjónvarpssal.

21.30 Njósnarinn Cicero (Five Fingers) Bandarísk njósnarmynd frá árinu 1952, byggð á sögu eftir L.C. Moyzisch. Leikstjóri Joseph L. Mankiewicz. Aðalhlutverk James Mason, Danielle Darrieux og Michael Rennie. Þýðandi Sigrún Helgadóttir.

23.20 Dagskrárlok

Opnar sýningu



Hjörleifur Sigurðsson listmálari opnaði í gær sýningu í Hamragörðum. Hjörleifur sýnir að þessu sinni eingöngu vatnslitamyndir, 21 talsins.

Sýning hans er opin til 30. september. Myndin hér til hliðar sýnir Hjörleif hjá einni mynd sinni á sýningunni. Sýningin verður opin frá kl. 16 til 22 alla daga.

Útvarp í kvöld kl. 19.30:

Á HAUSTSÝNINGU MYNDLISTARMANNA MEÐ HLJÓÐNEMANN

Þegar lokið hafði verið við að setja upp listaverk 55 íslenskra myndlistarmanna í Kjarvalsstöðum, fór Gylfi Gíslason útvarpsmaður með hljóðnemann á staðinn og ræddi við nokkra listmálara.

Viðtölin, sem voru hljóðrituð í gærðag, má svo heyra í útvarpsþætti Gylfa í kvöld, en sá þáttur nefnist einfaldlega „Á haustsýningu“.

Það eru ekki færri en 116 verk á þessari haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna, sem sýningarnefnd hafði úr samtals 321 mynd að velja. Sýningarnefnd er skipuð níu mönnum, en formaður nefndarinnar er Leifur Breiðfjörð.

Þrjátíu félagsmenn eiga myndir á sýningunni og tuttugu og fimm utanfélagsmenn. Er það athyglisvert, að níttján utanfélagsmannanna eru nú að sýna í fyrsta sinn, en það er einmitt megintilgangur sýningar þessarar að draga fram í dagsljósið óþekktu listamenn.

Þess má geta, að síðasta haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna var haldin í Norræna húsinu í september 1971, en félagið hafði sýnt víða, eftir að Listamannaskálinn leið undir lok.

Haustsýningin mun standa í eina viku, en henni lýkur sunnudaginn 30. september. Sýningin verður opnuð almenningi klukkan sex í dag, en síðan standa opin alla daga frá klukkan fjögur til tíu.

— PJM.



Nokkrir myndlistarmannanna, sem unnu að uppsetningu þeirra 116 verka, sem verða til sýnis á haustsýningunni. Myndina tók ljósmyndari Vísir, Bragi, að Kjarvalsstöðum seint í gærðag.